

Alþingi – fjárlaganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 5. mars 2019

Umsögn Neytendasamtakanna um tillögu til þingsályktunar um vistvæn opinber innkaup á matvöru.

Neytendasamtökin vísa til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 19. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn samtakanna um tillögu til þingsályktunar um vistvæn opinber innkaup á matvöru, 43. mál.

Í þingsályktunartillögunni er lagt til að fjármála- og efnahagsráðherra vinni að frumvarpi þess efnis að ávallt skuli tekið tillit til umhverfissjónarmiða og dýravelferðar við opinber innkaup á matvöru. Neytendasamtökin fanga því að litið sé til slíkra sjónarmiða, en samtökin hafa tekið skýra afstöðu til dýravelferðar og hafa m.a. krafist þess að í boði verði sérstök merking á afurðum frá eggja-, kjúklinga- og svínabúum sem fara að íslenskum lögum um dýravelferð og reglum um sýklalyfjanotkun. Þá kemur einnig fram í áherslum Neytendasamtakanna, sem samþykktar voru á þingi þeirra þann 22. október 2016, að samtökin beiti sér fyrir því að neytendur taki virkan þátt í að fleiri þættir en verðlag eitt og sér sé haft að leiðarljósi við matarinnkaup og neyslu, svo sem gæði, dýravelferð, samfélagsábyrgð, sjálfbærni og matarsóun.

Að því sögðu lýsa samtökin yfir stuðningi við umrædda þingsályktunartillögu og bjóða fram aðstoð sína ef eftir henni verður leitað.

Virðingarfyllst,



Breki Karlsson,
formaður Neytendasamtakanna